

Föstudaginn 25. mars 1994.

Nr. 142/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
 gegn
Hrafnkeli Helgasyni

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 23. mars sl., er barst Hæstarétti ásamt kærumálgögnum sama dag. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar. Reisir hann kröfu um gæsluvarðhald á a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Guðmundar Vikars Einarssonar, læknis á handlækningadeild Landspítalans, dagsett 24. mars 1994. Þar segir um áverka árárþola: „ . . . Í ljós hefur komið að XI. rif vinstra megin hefur brotnað. Vinstra nýra rifnaði með blæðingu í aftari kviðvegg. Jafnframt hlaut sjúklingur brot á andlitsbein hægra megin. . . . Hann hefur ekki þurft að gangast undir aðgerð. . . . Á þessu stigi málsins er ekki hægt að segja fyrir um batahorfur, sennilegt er þó að hann muni ná sér þó alltaf séu möguleikar á einhverjum eftirköstum við svona áverka.“

Varnaraðili er undir rökstuddum grun um aðild að líkamsárás. Skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um gæsluvarðhaldsvistun hans var fullnægt á þeim tíma, er málið var til meðferðar fyrir héraðsdómi. Í hinum kærða úrskurði kom fram, að rannsókn málsins væri á frumstigi og ekki hefði náðst til þriðja aðila, er tengdist því. Sóknaraðili hefur ekki gert Hæstarétti grein fyrir framvindu málsins að þessu leyti, en nú er liðið á sjötta dag frá atlögunni. Í ljósi þessa hefur ekki verið sýnt fram á, að þörf sé lengra gæsluvarðhalds vegna rannsóknarinnar.

Eins og máli þessu er háttað, er ekki nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi frá og með uppsögu dóms þessa.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. mars 1994.

Ár 1994, sunnudaginn 20. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sigurjónu Símonardóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi:

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Hrafnkeli Helgasyni, kt. 250877-4479, Fífuseli 29, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 45 daga, til miðvikudagsins 4. maí nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Aðfaranótt sunnudagsins 20. mars var brotist inn í Söluturninn Straumnes, Vesturbergi 76, Reykjavík, og m. a. stolið peningum. Vegfarandi, sem átti leið hjá, sá, að dyr söluturnsins voru opnar, og sá tvo pilta fyrir innan afgreiðsluborðið. Í kjölfarið sá hann þrjá pilta yfirgefa söluturninn og taka á rás. Elti hann piltana og náði þeim aftasta og gat haldið honum. Kveður hann hina tvo piltana hafa snúið við og gengið í skrokk á sér og spörkuðu þeir m.a. í síðu hans. Samkvæmt bráðabirgðalæknisvottorði, sem liggur frammi í réttinum, er árásarþolinn rifbeinsbrotinn og með brot í gagnauga-beini; auk þess hefur hann hlotið innvortis meiðsli, m. a. mar í nýra og blæðingar í kringum nýrað. Í kröfugerð Rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram að ekki sé enn ljóst hvort gera þurfi aðgerð á árásarþola til að draga úr blæðingum. Er því ekki unnt á þessu stigi að meta hvort og hve miklar varanlegar afleiðingar árásin kann að hafa. Árásarþolinn hefur borið, að sá, sem hafi gengið mest í skrokk á honum, m. a. með spörkum í síðu hans, hafi verið með basthatt á höfði. Í skýrslu, sem kærði gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrr í dag, kveðst hann hafa verið með stráhatt á höfði, þegar hann braust inn í söluturninn.

Samkvæmt framansögðu þykir rökstuddur grunur leika á því að kærði hafi tekið þátt í framangreindri líkamsárás sem verður að teljast mjög hættuleg.

Brot það, sem kærða er gefið að sök, getur varðað hann fangelsi allt að 16 árum skv. 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Rannsókn málsins er á frumstigi og ekki hefur enn náðst til þriðja aðilans í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs og með skírskotun til 1. mgr. a-liðar og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina um gæsluvarðhald yfir kærða eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Hrafnkell Helgason, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. maí nk. kl. 16.00.
